

# Íslenska

## kennslubók í málvísi og ljóðlist

### (Gorma)

e. Jón Norland og Gunnlaug V. Snævarr

## Hljóðfræði

- orðmyndun -

# Orðmyndun

(Gorma bls. 120-122)

- Orðmyndun snýst um hvernig einstök orð eru mynduð.
- Hægt er að greina orð niður í ákveðnar einingar:
  - rót
  - forskeyti
  - viðskeyti
  - beygingarending

# Rót

- Rót er jafnan fyrsta atkvæði ósamsett orðs, sá hluti sem sýnir grundvallarmerkingu þess.
- Hún er oft sameiginleg fjölda orða og er þá talað um að orðin séu skyld.
- Ósjaldan hefur rótin tekið hljóðbreytingum.

# Viðskeyti

- Viðskeyti er bætt aftan við rótina og helst jafnan í öllum beygingarmyndum þess.
- Fjöldmörg viðskeyti eru til í íslensku (sjá Gormu bls. 121-122).
- Sérhljóð viðskeytis fellur stundum brott í ákveðnum beygingar-myndum orða (t.d. sýkli en ekki sýkili).

# Helstu viðskeyti í íslensku

No. - viðskeyti	No. - viðskeyti	No. - viðskeyti	Lo. - viðskeyti	Lo. - viðskeyti	So. - viðskeyti
<b>-að-</b> : un-að-ur	<b>-in-</b> : him-in-n	<b>-sn-</b> : fylg-sn-i	<b>-að-</b> : hug-að-ur	<b>-s-</b> : hug-s-i	<b>-g-</b> : auð-g-a
<b>-al-</b> : að-al-l	<b>-ind-</b> : bind-ind-i	<b>-stur-</b> : rek-stur	<b>-d-</b> : hyrn-d-ur	<b>-sk-</b> : dan-sk-ur	<b>-j-</b> : þyl-j-a
<b>-ald-</b> : kaf-ald	<b>-ing-</b> : gæð-ing-ur	<b>-t-</b> : dýp-t	<b>-ð-</b> : eyg-ð-ur	<b>-t-</b> : tenn-t-ur	<b>-k-</b> : þurr-k-a
<b>-aldur-</b> : far-aldur	<b>-j-</b> : ey-j-a	<b>-tur-</b> : les-tur	<b>-il-</b> : heim-il-l	<b>-ug-</b> : göf-ug-ur	<b>-l-</b> : söng-l-a
<b>-an-</b> : líð-an	<b>-k-</b> : hál-k-a	<b>-uð-</b> : hugs-uð-ur	<b>-in-</b> : hlýð-in-n	<b>-ul-</b> : reik-ul-l	<b>-n-</b> : hit-n-a
<b>-angur-</b> : ber-angur	<b>-l-</b> : skaf-l	<b>-ul-</b> : skut-ul-l	<b>-j-</b> : hlý-j-an	<b>-lát-</b> : laus-lát-ur	<b>-r-</b> : klif-r-a
<b>-and-</b> : gef-and-i	<b>-ling-</b> : sjúk-ling-ur	<b>-un-</b> : jöt-un-n	<b>-n-</b> : skygg-n	<b>-sam-</b> : starf-sam-ur	<b>-s-</b> : hrein-s-a
<b>-ar-</b> : jað-ar	<b>-m-</b> : mjöð-m	<b>-und-</b> : höf-und-ur	<b>-nesk-</b> : rúss-nesk-ur	<b>-leg-</b> : blíð-leg-ur	<b>-t-</b> : væn- t- a
<b>-d-</b> : þyng-d	<b>-n-</b> : svef-n	<b>-ung-</b> : gler-ung-ur	<b>-ótt-</b> : blett-ótt-ur	<b>-ræn-</b> : suð-ræn-n	<b>-v-</b> : sökk-v-a
<b>-ð-</b> : fer-ð	<b>-nað-</b> : klæð-nað-ur	<b>-ur-</b> : gald-ur	<b>-ur-</b> : lip-ur		
<b>-ern-</b> : fað-ern-i	<b>-ning-</b> : bú-ning-ur	<b>-ust-</b> : þjón-ust-a			
<b>-i-</b> : kæt-i	<b>-sk-</b> : bern-sk-a	<b>-v-</b> : vöð-v-i			
<b>-il-</b> : lyk-il-l	<b>-sl-</b> : fær-sl-a	<b>-skap-</b> : kveð-skap-ur			
<b>-dóm-</b> : lær-dóm-ur	<b>-leik-</b> : sann-leik-ur	<b>-átt-</b> : víð-átt-a			

# Forskeyti

- Forskeyti er sett framan við rót og helst í öllum beygingarmyndum orðsins.
- Eftirfarandi forskeyti eru meðal þeirra algengustu:

al-: al-eiga	for-: for-maður	tor-: tor-skilinn
all-: all-hvass	mis-: mis-jafn	van-: van-ræksla
and-: and-byr	ó-: ó-gæfa	ör-: ör-birgð

# Stofn

- Stofn er sá hluti orðs sem helst óbreyttur (stöðugur) í öllum beygingar-myndum þess. Breytingar geta þó orðið á stofnsérhljóði, hljóð fallið brott í viðskeyti eða samlaganir og tvöfaldanir orðið.
- Stofn getur verið:
  - rótin ein og sér (far),
  - rót + viðskeyti (ferð),
  - forskeyti + rót (ófær) eða
  - forskeyti + rót + viðskeyti (ófærð).

# Beygingarending

- Beygingarendingar bætast við stofninn og tákna ólíkar beygingar-myndir orðsins.
- T.d. fallendingar fallorða og persónuendingar sagna.

# Samsett orð

(Gorma bls. 128-130)

- Það eru til fleiri leiðir til að mynda ný orð en að bæta við rótina forskeytum og/eða viðskeytum.
- Ein önnur leið til orðmyndunar er að skeyta saman tveimur fullburða orðum og fá við það nýtt **samsett orð**.

# Samsett orð – frh.

- Þetta er einkum gert á tvennan hátt:
  - **Stofnsamsetning** (föst samsetning):
    - Fyrri liður samsetta orðsins er án beygingarendingar, þ.e. stofn fallorða, stofn sagnorða eða smáorð (fs., ao.).
    - Dæmi: *borðfótur, jarðhús, mjóhundur, rennblautur, meðlag.*
  - **Eignarfallssamsetning** (laus samsetning):
    - Fyrri liður samsetta orðsins með beygingarendingu og stendur í eignarfalli et. eða ft.
    - Dæmi: *kóngsdóttir, jarðarverð, hestamaður, sjálfsafneitun.*

# Samsett orð – frh.

- Algengast er að samsett orð séu **tvíliðuð**, þ.e. sett saman úr tveimur orðum.
- **Fleirsamsett** orð eru ekki sjaldgæf en því lengri sem orðin verða því óþjálli verða þau í munni.

# Samsett orð – frh.

Þriðja aðferðin er til, við að mynda samsett orð en hún nefnist **bandstafs-** eða **tengistafssamsetning**.

- Þessi aðferð felst í því að svokölluðum bandstaf (tengistaf) er skotið inn á milli orðanna sem tengja á saman, oftast til þess að orðin verði þjálfi í framburði.
- Algengustu bandstafir eru **-i-**, **-u-** og **-s-**
- Dæmi: *fiskimaður, eldiviður, skipulag, ráðunautur, leikfimishús, landhelgisgæsla.*

Mjög auðvelt er að mynda samsett orð í íslensku og geta flestir orðflokkar myndað saman orð.